

L Ö G

27

16. febr.

um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. másl. 3. gr. laganna komi tveir másl., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 3 millj. lax- og silungseiða. Ef hentara þykir, má ríkisstjórnin reisa stöðvar þessar í samvinnu við aðra aðila.

2. gr.

Fyrir orðin „eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í þá á, sem seiðin eru ætluð í“ í 1. másl. 7. gr. laganna kemur: kostnaðarverð.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

28

16. febr.

um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin komi ný grein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns til tryggingar rekstrarlánnum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár og einstakra gripa.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík, 16. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.